

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðu-veitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka framkvæmdáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í störfum ráðuneytisins og á vegum þess. Hins vegar á fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í samráðshópi sem ætlað er að ganga frá jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins í heild sinni. Ætlunin er að sú stefna birtist í sameiginlegri starfsmanna-handbók Stjórnarráðsins sem liggur nú fyrir í lokadrögum. Stjórnendur ráðuneytisins eru afar meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III. kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margar umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margar þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Samtals hefur verið ráðið í sjö stöður á grundvelli auglýsinga eða eftir leit hjá ráðningarstofum á tímabilinu frá 31. október 1998 til 31. október 2001. Í fimm tilvikum voru konur ráðnar en í tveimur tilvikum voru karlar ráðnir, sbr. eftirfarandi:

- a. Samtals fimm stöður hafa verið auglýstar á síðustu þremur árum, fjórar stöður lögfræðinga og ein staða viðskiptafræðings. Í þremur tilvikum voru konur ráðnar en í tveimur tilvikum karlar. Um fjórar stöður lögfræðinga sóttu samtals 29, 21 kona og 8 karlar. Ávallt er farið ítarlega yfir allar umsóknir og byggist niðurstaða ráðuneytisins á að velja hæfasta umsækjandann með hliðsjón af hlutfalli kynjanna. – Ráðning starfsmanns í stöðu viðskiptafræðings fór í gegnum ráðningarskrifstofu og mat hún umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu. Í tilvikum sem þessum skipuleggur ráðningarskrifstofan yfirleitt nokkur viðtöl á grundvelli umsókna í samráði við hlutaðeigandi yfirmann.
- b. Í tvær stöður hefur verið ráðið í gegnum ráðningarstofur án auglýsinga. Í báðum tilvikum voru konur ráðnar.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í sjö stöður án auglýsinga á síðustu þremur árum. Ráðnar voru tvær konur og fimm karlar, sbr. eftirfarandi:

- Ein staða fellur undir tilflutning starfa milli embætta. Í því tilviki var kona ráðin í stöðu stjórnarráðsfulltrúa.
- Tvær stöður bílstjóra. Um sömu stöðuna er að ræða sem í hefur verið ráðið tvisvar sinnum. Í báðum tilvikum voru karlar ráðnir.
- Fjórar afleysingastöður. Um er að ræða eina afleysingastöðu lögfræðings og þrjár sumarafleysingastöður samtals á þessum þremur árum. Þrír karlar voru ráðnir og ein kona.

Til viðbótar framangreindum sjö stöðum hafa á síðustu þremur árum tveir lögfræðinemar verið í námsvist á vegum ráðuneytisins. Um er að ræða karla í báðum tilvikum.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Yfirlit yfir nefndir og ráð á vegum félagsmálaráðuneytis.

Verkefnisnefndir	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með undirbúningi að stofnun reynslusveitarfélaga	5	4	1	29.7.1993
Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	6	4	2	22.5.2000
Stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna	8	1	7	3.7.1997
Nefnd til að kanna launamun verkakvenna og verkakarla	3	1	2	4.6.1998
Nefnd til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnámálum	7		7	28.9.1998
Nefnd til að fylgja eftir tillögum um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga	8	8		7.12.2000
Nefnd vegna málefna langveikra barna	11	3	8	29.1.2001
Starfshópur til að yfirfara skýrslu „auðlindanefndar“	4	4		2.1.2001
Nefnd til að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga	6	5	1	18.1.2001
Nefnd til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti	4	4		2.1.2001
Starfshópur er geri úttekt á álagningu og innheimtu sveitarfélaga á þjónustugjöldum	3	2	1	5.1.2001
Nefnd til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995	9	7	2	14.2.2001
Stýrihópur til að fylgja eftir framkvæmd þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna	3	1	2	9.12.1998
Samstarfsráð um meðferð barna og unglinga vegna vímuefnavanda, hegðunar- og geðraskana	7	3	4	4.1.2000
Starfshópur sem fjalla á um húsnæðismál á Vestfjörðum	5	5		14.2.2000
Nefnd er kanni aðstæður erlends vinnuafis og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi	9	4	5	8.11.2000
Verkefnisstjórn árs fatlaðra 2003	26	10	16	10.10.2001
Framkvæmdanefnd árs fatlaðra 2003	4	2	2	10.10.2001
Starfshópur um úttekt á vernduðum vinnustöðum	3	3		27.4.2001
Nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög	5	4	1	3.5.2001
Nefnd um jafnréttisumsagnir vegna stjórnarfrumvarpa	3		3	
Ráðgjafahópur vegna nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum	5	3	2	12.9.2001
Samtals fjöldi fulltrúa:	144	78	66	
Hlutfallsleg skipting:	100%	54%	46%	

Nefndir og ráð	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði	7	6	1	21.2.2001
Stjórn Greiningar- og ráðgjafarstofu ríkisins	5	4	1	15.12.2001
Starfsmenntaráð	15	12	3	08.01.01
Barnaverndarráð	3	1	2	1.1.2001
Stjórn vegna vinnueftirlits í landbúnaði	5	4	1	1.1.2001
Kærunefnd fjöleignarhúsamála	7	5	2	15.2.2001
Kærunefnd húsaleigumála	7	4	3	15.2.2001
Stjórn Vinnumálastofnunar	14	9	5	1.7.2001
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs	18	12	6	1.7.2001
Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta	6	3	3	1.7.2001
Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga	10	4	6	1.7.1997
Félagsdómur	9	7	2	1.11.1998
Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	10	7	3	29.1.1999
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins	18	9	9	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Suðurnesja	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Vesturlands	18	12	6	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra	18	12	6	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Austurlands	18	11	7	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Suðurlands	18	13	5	13.11.1998
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Reykjavík	9	4	5	25.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Reykjanesi	11	5	6	11.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Vesturlandi	9	6	3	11.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Vestfjörðum	10	5	5	18.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	11	4	7	12.12.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	12	5	7	16.3.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Austurlandi	11	4	7	5.3.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Suðurlandi	12	7	5	12.2.1999
Kærunefnd húsnæðismála	6	3	3	1.2.1999
Samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur	5	3	2	5.3.1998
Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks	3	1	2	11.4.1998
Kærunefnd jafnréttismála	7	3	4	25.7.2000
Stjórn Íbúðalánasjóðs	10	7	3	28.12.1998
Stjórn Bjargráðasjóðs	10	8	2	7.12.1998
Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	8	7	1	1.1.1999
Prófnefnd leigumiðlunar	4	3	1	17.3.2000
Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu	8	3	5	1.6.1999
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga	3	2	1	1.11.1999
Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	3		3	8.11.2000
Jafnréttisráð	18	7	11	12.9.2000

Nefndir og ráð	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga	4	3	1	11.4.2000
Stjórn ábyrgðasjóðs launa	6	5	1	7.9.2000
Flóttamannaráð Íslands	15	7	8	17.12.1999
Fjölskylduráð	7	2	5	21.1.1998
Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga	7	7		25.11.1998
Samstarfsnefnd um starfsemi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar	3	1	2	1993
Samráðsnefnd til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu	12	7	5	1993
Nefnd um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra	6	4	2	13.11.1991
Reikningsskila- og upplýsinganefnd í samræmi við 18. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga	9	7	2	27.2.2001
Stjórn Vinnueftirlits ríkisins	17	13	4	1.1.2001
Stjórn varasjóðs viðbótarlána	10	8	2	1.2.1999
Samtals fjöldi fulltrúa:	526	325	201	
Hlutfallsleg skipting:	100%	62%	38%	